

Sveitarfélagið Árborg
Sigurður Andrés Þorvarðarson
Austurvegi 2, Ráðhúsi
800 Selfoss

Reykjavík 10. febrúar 2021
UST202102-051/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Árborgar 2010 - 2030 – Austurbyggð á Selfossi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Árborgar er barst 3. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Árborgar 2010 – 2030 fyrir Austurbyggð á Selfossi.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að stækka núverndi íbúarðsvæði N13 um 5,8 ha inn á opið svæði til sérstakra nota, hesthúsasvæði. Heildarstærð íbúðarsvæðis N13 verður 20,1 ha. og verður opið svæði til sérstakra nota fyrir hesthús og útivistarsvæði minnkað sem nemur stækkun íbúðarsvæðisins. Auk þess kemur fram að hluti af opnu svæði Ú13 fyrir skjólbelti, reiðleið og göngu- og hjólaleið meðfram Gaulverjabæjarvegi stækkar.

Sjálfbær þróun þéttbýlisstaða

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á kafla 3.2. í Landsskipulagsstefnu þar sem segir að skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þéttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýttra svæða og eflingu nærsamfélags.

Auk þess segir í kafla 3.2.1 stefnunnar um vöxt þéttbýlisstaða að mikilvægt sé að sveitarfélög skilgreini í aðalskipulagi vaxtarmörk þéttbýlisstaða með það fyrir augum að efla viðkomandi þéttbýlisstað og standa vörð um verðmæt náttúrusvæði og landbúnaðarland. Skýr skil verði milli þéttbýlis og dreifbýlis. Almennt verði haft að leiðarljósi að þetta byggð og blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu, og tengja við íbúðarbyggð í þágu sjálfbærni daglegs lífs og aukinna lífsgæða.

Umhverfisstofnun bendir á að á skipulagssvæðinu og sunnan við þéttbýli Selfoss er landbúnaðarland, vistgerðir með hátt verndargildi og svæði sem er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði af Náttúrufræðistofnun Íslands (<https://www.ni.is/node/16184>).

Vistgerðir og fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin

starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillöggunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur